

Íbúðalíftrygging

Staðlað upplýsingarblað um tryggingu



SKILMÁLI L-12

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. Ekki er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavini um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á váttryggingarskírteini tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á Minum síðum Varðar. Skilmálar tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskírteini.

Hvernig trygging er Íbúðalíftrygging?

Íbúðalíftrygging er samstarfsverkefni Varðar og Arion banka hf. Hún er í boði fyrir einstaklinga á aldrinum 18-55 ára sem taka ný íbúðalán hjá Arion banka hf. Bótum tryggingarinnar er m.a. ætlað að greiða afborganir og vexti lánsins í tiltekinn tíma ef til andláts kemur. Bætur greiðast til rétthafa til frjálsrar ráðstöfunar. Þannig fæst dýrmætt svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum og búa þannig um hnútana að heimilisreksturinn haldist í jafnvægi.



Hvað bætir tryggingin?

- ✓ Dánarbætur til rétthafa sem viðskiptavinur velur í upphafi.



Hvað bætir tryggingin ekki?

- ✗ Sjálfsvíg innan árs frá gildistöku tryggingarinnar.
- ✗ Andlát á fyrstu fimm árum samningstímans ef andlátíð má rekja til sjúkdóms sem váttryggður var greindur með eða fékk meðhöndlun við fyrir gildistöku tryggingarinnar.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Komi í ljós að rangar upplýsingar hafi verið veittar við upphaf tryggingatöku geta þær haft áhrif á bótarétt.
- ! Tryggingin fellur niður við andlát váttryggðs.
- ! Tryggingin fellur niður ef breyting verður á skuldara lánsins.
- ! Tryggingin fellur niður ef hópvátryggingarsamningur Varðar og Arion banka fellur úr gildi.
- ! Tryggingin fellur niður við 60 ára aldur.
- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Váttryggðum ber að kynna sér skilmála tryggingarinnar.



Hvar gildir tryggingin?

Tryggingin gildir hvar sem er í heiminum. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.



Hverjar eru helstu skyldur þess tryggða?

Svara öllum spurningum Varðar vegna áhættumats rétt og af heiðarleika.

Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.

Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjalddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á vísitölu frá grunnvísitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínunni síðunni Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst tryggingarverndin og hvernig lýkur henni?

Tryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Viðskiptavinir geta sagt tryggingunni skriflega upp hvenær sem er á vátryggingartímabilinu. Iðgjald skal greitt fyrir það tímabil sem félagið er í ábyrgð samkvæmt vátryggingunni.